

Náttúruverndarstofnun

RARIK
Haraldur Jónatan Klausen
Dvergshöfða 2
110 Reykjavík

Garðabær, 4. mars 2025
202502-0066/A.B.
08.04

Efni: Umsögn - Framkvæmdarleyfi - Tillögur á B-hluta náttúruminjaskrá - Úthérað

Vísað er til erindis RARIK er barst 12. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Náttúruverndarstofnunar um framkvæmd vegna strenglagnar.

Í erindinu kemur fram að RARIK ohf óskar eftir umsögn um fyrirhugaða strenglöggn sem fer um landsvæði (Úthérað) sem Náttúrufræðistofnun hefur lagt til á B-hluta náttúruminjaskrár 2018.

Auk þess segir að framkvæmdin er liður í endurnýjun dreifikerfis RARIK. Háspennustrengurinn verður plægður samkvæmt verklagsreglum RARIK. Þversnið strengsins er 150 mm og lagnaleiðin um 2,5 km.

Í framhaldi verður loftlínan (Eiðalína) sem hefur þjónusta þetta svæði síðan 1985 rifin síðar. Fyrirhuguð strengleið er valin með tilliti til kostnaðarþátta og til þess að valda sem minnstu raski á umhverfi þar sem reynsla RARIK sýnir að plæging í land samskonar og má finna í þessari strengleið grær mjög fljótt.

Hitaveita Egilsstaða og Fella lagði ljósleiðara þessa leið árið 2021 og mun háspennustrengurinn fylgja ljósleiðaranum að mestu leyti nema ljósleiðarinn fer austan megin við Ytrihaftjörn en háspennustrengurinn vestan megin.

Lítill sem engin ummerki eftir plægingu ljósleiðarans eru sjáanleg og er plæging háspennustrengsins sambærileg ljósleiðarans að því undanskyldu að rafstrengurinn fer dýpra (90 cm).

Votlendi

Náttúruverndarstofnun bendir á að á strengleiðinni er votlendi sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúruyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýna nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Náttúruverndarstofnun

Náttúruverndarstofnun leggur áherslu á að fjallað sé um votlendið við gerð framkvæmdarleyfis og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask votlendisins sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Náttúruverndarstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á votlendi þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Auk þess bendir stofnunin á að votlendi er mikilvægt búsvæði fugla og plantna og fjölmargar tegundir byggja tilvist sína á því. Votlendi getur þannig aukið verulega líffræðilega fjölbreytni viðkomandi landsvæðis.¹

Að mati Náttúruverndarstofnunar mun framkvæmdin valda tímabundnu raski á votlendi, því er mikilvægt að huga vel að frágangi og vakta ef þess þarf.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Náttúruverndarstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúruferibæri sem verða fyrir röskun.

Mikilvægt fuglasvæði

Náttúruverndarstofnun bendir á að á framkvæmdarsvæðinu er mikilvægt fuglasvæði skv. vistgerðarkorti Náttúrufræðisstofnunar og nefnist það Úthérað. Náttúruverndarstofnun bendir á að á þessum svæðum eru fuglategundir sem eru forgangstegundir skv. Bernarsamningnum, á valista og ábyrgðartegundir Íslands².

Náttúruverndarstofnun bendir á að samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar³ eru innan skipulagssvæðisins m.a. vistgerðin starungsmýravist sem eru með mjög hátt

¹ <https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/ramsarsvaedi/um-votlendi/>

² <https://www.ni.is/greinar/forgangstegundir-fugla>

³ <http://vistgerdakort.ni.is/>

Náttúruverndarstofnun

verndargildi og fjalladrapamóavist sem er með miðlungs verndargildi og eru þær á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.

Í starungsmýravist getur verið ríkt fuglalíf og er algengt að varpfuglategundirnar lóupræll (*Calidris alpina*), spói (*Numenius phaeopus*), þúfutittlingur (*Anthus pratensis*), hrossagaukur (*Gallinago gallinago*), jaðrakan (*Limosa limosa*) og stelkur (*Tringa totanus*) nýti slíka vistgerð til varps.

Náttúruverndarstofnun bendir á allir fuglar eru friðaðir samkvæmt lögum nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nema friðun þeirra hafi verið aflétt með reglugerð nr. 456/1995. Þegar rætt er um friðun tekur hún einnig til eggja og hreiðra þeirra fugla sem njóta algerrar eða tímabundinnar friðunar.

Auk þess bendir stofnunin á að í 2. mgr. 6. gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum segir að ávallt skuli gæta fyllstu varkárni og nærgætni gagnvart villtum dýrum og búsvæðum þeirra og forðast óþarfa truflun. Við skipulag og landnotkun skal tekið tillit til villtra dýra og búsvæða þeirra, sbr. lög um náttúruvernd og skipulagslög.

Þar af leiðandi er mikilvægt að mati Náttúruverndarstofnunar m.t.t. til fuglalífs að framkvæmdin verði utan varptíma.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Gunnhildur Sif Oddsdóttir

lögfræðingur